

Alþingi
Erindi nr. P 139/1597
komudagur 4.3.2011

From: valgerdur.gudmundsdottir@irr.is [mailto:valgerdur.gudmundsdottir@irr.is]
Sent: 4. mars 2011 12:29
To: Benedikt S. Benediktsson
Subject: Vegna frv. um rannsókn samgönguslysa

Berist samgöngunefnd Alþingis

408. mat

Vegna frumvarps til laga um rannsókn samgönguslysa

Breyting á athugasemdum við 28. gr. frv.

Innanríkisráðuneytið fer þess á leit við samgöngunefnd að hún breyti fyrstu setningu athugasemda um 28. gr. frumvarpsins en hún orðast nú svo: „Í ákvæði þessu er kveðið á um að aðili geti fengið aðgang að upplýsingum eða gögnum sem háð eru takmörkun á aðgangi skv. 27. gr., að fengnum dómsúrskurði.“ Það er mat ráðuneytisins eftir fund með hagsmunaaðilum í flugi að notkun orðsins „aðili“ geti í þessu samhengi valdið misskilningi og af þeirri ástæðu er lagt til að setningin orðist svo: „Í ákvæðinu er kveðið á um aðgang að upplýsingum eða gögnum nefndarinnar sem háð eru takmörkun á aðgangi skv. 27. gr. að fengnum dómsúrskurði.“ Tekið skal fram að orðið „aðili“ kemur ekki fram í ákvæðinu sjálfu.

Meðfylgjandi er minnisblað til ráðherra og ráðuneytisstjóra innanríkisráðuneytisins dags. 20. janúar 2011 þar sem er að finna umfjöllun um ofangreint atriði.

Fjölgun reglugerðaheimilda í 40. gr. frv.

Ráðuneytið fer einnig þess á leit við samgöngunefnd að nefndin taki til skoðunar að bæta tveimur liðum við 40. gr. frumvarps til laga um rannsókn samgönguslysa en í því ákvæði er að finna reglugerðaheimildir.

Á seinni hluta árs 2010 tók gildi innan Evrópusambandsins reglugerð nr. 996/2010 um rannsóknir á flugslysum og flugatvikum. Fyrirsjáanlegt er að sú reglugerð verði hluti af EES-samningnum. Í reglugerðinni er að finna ákvæði er snúa að upplýsingagjöf flugrekenda til rannsóknaraðila slysa og einnig að aðstoð við fórnarlömb slysa og aðstandendur þeirra. Ekki er að finna reglugerðarheimild fyrir slíkum ákvæðum í núverandi frumvarpi og því mikilvægt að þeim verði bætt við.

Ráðuneytið leggur til eftirfarandi viðbót við 40. gr. en í tillögunni er miðað við að veitt verði sambærileg reglugerðarheimild fyrir alla slysaflokka:

l. upplýsingaskyldu þeirra aðila sem sjá um flutning fólks í lofti, á sjó eða landi hvað varðar m.a. farþegalista og hættulegan farm um borð í loftfari, skipi eða ökutæki og meðferð slíkra upplýsinga.

m. aðstoð þeirra aðila sem sjá um flutning á fólki í lofti, á sjó eða landi við fórnarlömb samgönguátvika og slysa og aðstandendur þeirra.

(See attached file: minnisblað.pdf)

Kveðja,

Valgerður Guðmundsdóttir, lögfræðingur / Legal Adviser - Samgöngur / Transport
Innanríkisráðuneytið

Innanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Ögmundur Jónasson, Ragnhildur Hjaltadóttir, Einar Árnason
Sendandi: Valgerður Guðmundsdóttir
Dagsetning: 20.01.2011
Málsnúmer: IRR10121748
Bréfalykill: 17.1

Efni: Vegna fundar með FÍA, Icelandair og Flugfélagi Íslands - aths. á frv. um rannsókn samgönguslysa

Þann 13. janúar sl. komu fulltrúar Félags íslenskra atvinnuflugmanna, Icelandair og Flugfélags Íslands á fund innanríkisráðherra þar sem fram komu athugasemdir á frv. til laga um rannsókn samgönguslysa.

Ákvæði um aðgang að gögnum rannsóknarnefndar.

Á fundinum kom fram gagnrýni á 28. gr. frumvarpsins sem fjallar um dómsúrskurði og því haldið fram að ákvæði frumvarpsins opni fyrir að óskilgreindir „aðilar“ geti með dómsúrskurði nálgast gögu rannsóknarnefndarinnar. Ákvæðið sem um ræðir er nær samhljóða ákvæði 21. gr. gildandi laga um rannsókn flugslysa nr. 35/2004. Eina breytingin er sú að nú gildir reglan einnig fyrir hina slysaflokkana. Ætlunin var ekki að breyta innihaldi reglunnar og í athugasemdum við hið nýja ákvæði segir m.a. að reglan sé lögð til óbreytt. Einnig eru athugasemdir við ákvæði 21. gr. gildandi laga látnar fylgja með orðréttar og innan gæsalappa í athugasemdum við hið nýja ákvæði.

Svo virðist sem misskilningur hafi komið upp vegna setningar í athugasemdum við hið nýja ákvæði en hún hljóma svo: „Í ákvæði þessu er kveðið á um að aðili geti fengið aðgang að upplýsingum eða gögnum sem háð eru takmörkun á aðgangi, skv. 27. gr., að fengnum dómsúrskurði.“ Hér virðist því eingöngu vera um óheppilegt orðalag í athugasemd að ræða.

Frumvarpinu hefur verið dreift á Alþingi og því getur ráðuneytið ekki breytt orðalagi athugasemdarinnar við hið nýja ákvæði. Lagt er til að athygli samgöngunefndar verði vakin á því að orðalagið virðist geta valdið misskilningi og því mikilvægt að nefndin taki af allan vafa um merkingu ákvæðisins.

Bótaábyrgð starfsmanna.

Á fundinum var einnig rætt um bótaábyrgð flugmanna ef viðkomandi veldur tjóni af gáleysi við störf sín. Frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa fjallar ekki um bótaábyrgð heldur er ákvæði um slíkt að finna í loftferðalögum, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Lagt er til að skoðað verði hvort ástæða sé til að breyta ákvæðum loftferðalaganna um bótaskyldu flugmanna/starfsmanns flytjanda.